

**Nd.**

## **95. Frumvarp**

til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

### **1. gr.**

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar veitist einkaréttur til þess að koma upp sjóveitu til fiskþvottar í Vestmannaeyjum, og skal henni heimilt að leggja pípur ofan- eða neðanjarðar um kaupstaðinn.

Landeigendum og leigjendum á því svæði, sem bæjarstjórn ákveður, að sjóveitan skuli vera, skal skylt að láta af hendi lóðir og landsafnot til hverskonar mannvirkja, sem með þarf til þess að ná sjónum og veita honum út, og jafnframt þola það óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem sjóveitan kann að hafa í för með sér, en þó gegn því, að fullt endurgjald komi fyrir eftir mati, nema samkomulag verði. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því aðeins greiddar, að talið verði, að landeigandi eða leigjandi biði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og landeiganda eða landsleigjanda hinsvegar um endurgjaldið, má eignarnám einnig fara fram.

### **2. gr.**

Begar bæjarstjórn hefir komið á sjóveitu um kaupstaðinn, skal hún hafa einkarétt á sölu sjávar til fiskþvottar, og skal öllum útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum og yfirleitt öllum þeim, er verka fisk, skylt að nota sjó í þeim tilgangi frá sjóveitunni.

### **3. gr.**

Til þess að standa straum af kostnaði við rekstur og stofnkostnað sjóveitunnar skal bæjarstjórn heimilt að heimta endurgjald fyrir sjóinn, ákveðið gjald af hverjum lítra, sem notendur brúka eftir mæli, eða með öðrum hætti, er heppilegri þykir.

Húseigandi ábyrgist gjaldið, og má taka það lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að það skuli tryggt með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði eða aðfararveði.

### **4. gr.**

Bæjarstjórn leggur veituæðarnar svo, að nokkurnveginn auðvelt verði fyrir húseigendur að ná til þeirra, og skulu þeir á sinn kostnað leggja leiðslurnar í hús sín úr aðalæðinni eða greinum frá henni, er bæjarstjórn leggur.

### **5. gr.**

Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja leiðslur þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við aðalæðar sjóveitunnar, og séu þeir

skyldir til að fara eftir þeim reglum, er bæjarstjórn kann að setja um innlögnina og kaupgjald við þá vinnu.

Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa löggildingu, mega leggja leiðslur inn í hús í kaupstaðnum úr sjóveituæðunum.

#### 6. gr.

Bæjarstjórn skal heimilt að loka sjóæðunum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða eyða sjó að óþörfu og vanrækja að greiða áfallin gjöld til sjóveitunnar.

#### 7. gr.

Hver, sem af ásettu ráði skemmir leiðslur sjóveitunnar eða önnur mannvirki, sem sjóveitunni heyra til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum. Séu skemmdirnar gáleysisverk, skal hlutaðeigandi sæta sektum og auk þess bæta skaðann að fullu.

#### 8. gr.

Bæjarstjórn getur sett reglugerð um notkun sjávarins, meðferð á leiðslunum og önnur atriði, er nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðina.

#### 9. gr.

Með mál, er risa kunna út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkv. þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

#### 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Á komandi vori hefir bæjarstjórn í hyggju að láta reisa sjóveitu til fiskþvottar í Vestmannaeyjum. Vitamálastofan hefir gert svo hljóðandi áætlun og greinargerð um verk þetta:

„Fram til þessa hefir sjór til fiskþvotta í Vestmannaeyjum verið tekinn við bryggjurnar í höfninni, eða við fiskverkunarstöðvarnar. En eftir því, sem bærinn stækkar og útgerðin vex, gætir meira óhreininda í höfninni af frárennsli frá bænum og fiskverkunarstöðvunum. Vegna þess, hve erfitt er að ná í hreinan sjó, er og hættu á því, að ekki sé ávallt notaður hreinn sjór við fiskþvottinn. og má búast við, að það geti spillt fyrir sölu fiskjarins. Sjóveita til fiskþvotta er því mjög nauðsynleg fyrir útgerðina í Vestmannaeyjum.

Með þeim aflbrögðum, sem nú eru, þarf til fiskþvotta um 400 tonn á dag, þegar mest berst á land af fiski. Sé nú gert ráð fyrir, að  $\frac{1}{3}$  hluta af dagsnotkuninni beri að í einu, þegar bátarnir koma örast að landi, og að öll þau fisk-

Þvottaker, sem tilheyra þeim hluta, fyllist á 45 mínútum, verður sjónotkunin þegar mest fiskast um 50 lítrar á sekúndu.

Í þeirri áætlun um sjóveitu, sem hér er gerð, er þó reiknað með, að sjónotkunin geti orðið allt að 100 lítrum á sekúndu, og er því mannvirkið gert með þeirri fyrirhyggju, að sjóveitan nægi til fiskþvotta, þó að sjónotkunin verði tvöfalt meiri en nú er. Þá er jafnframt tekið tillit til þess, að nota megi sjó úr sjóveitunni til hreinlætis í bænum, til sundlaugar og í slökkvitæki, ef eldsvoða bæri að höndum.

Sjórinn í veituna verður tekinn fyrir utan höfnina, austan við Hringskersgarðinn. Þar verður gerður múraður brunnur milli klappanna, svo djúpur, að sjór falli í hann um stórstraumsfjöru. Úr brunnum verða lagðar 8" gildar steypujárnspípur upp í sjógeymi úr járnbentri steypu. Þessi sjógeymir verður gerður á Skansinum, þar sem hann er nægilega hár og undirstaða trygg. Neðst í brattanum við Skansinn verður sett 35 hestafla dælustöð, knúin rafmagni. Dælustöðin sýgur sjóinn til sin gegnum pípunar og þrýstir honum upp í sjógeyminn, en úr honum liggja aftur 12" trépipur meðfram höfninni vestur í Skildingafjöru, eða um 850 m.

Sjógeymirinn er gerður svo stór, að hann rúmi eins dags venjulega sjónotkun, jafnvel þó að hún tvöfaldist frá því, sem nú er. Hann er bringmyndaður, 12 m. í þvermál, 4,5 m. hár og rúmar 450 tonn af sjó. Getur þá dælustöðin fyllt hann á ca. 1½ klst.

Trépipa hefir þá kosti fram yfir járnpiðu, að hún leysist ekki upp í sjó, eins og járnpiðum er hætt við. Hún ver betur fyrir frosti og má því leggja hana ofanjarðar, þar sem því verður við komið, og sparar það mikla vinnu. Því að þar, sem pípan verður lögð, eru klappir eða mjög grunnur jarðvegur. Hvað endingu snertir, þá mun trépipa, eins og áður er sagt, vera endingarbetri en járnpiður, og hvað kostnaðinn snertir ca. 3 sinnum ódýrari.

#### Kostnaðaráætlun:

Inntaksbrunnur .....	2000.00 kr.
Aðveitupípur og vélar .....	8500.00 ---
Að leggja aðveitupípur og setja upp vélar .....	1000.00 --
Vélahús .....	2000.00 ---
Sjóveitupípa, smíði og jarðvinna 850 m. á 35/00 .....	29750.00 ---
Sjógeymir .....	18750.00 ---
Verkstjórn og ófyrirséð .....	8000.00 --

Samtals kr. 73000.00

Reykjavík, 12. jan. 1931.

Th. Krabbe“.

Mannvirki þetta er nokkuð dýrt, en enginn ágreiningur mun vera um það, hversu nauðsynlegt er að koma því upp hið allra fyrsta.

Til þess að tryggja afkomu fyrirtækisins, telur bæjarstjórn nauðsynlegt að fá lög þessi samþykkt, og eins til þess að mannvirkið komi að því gagni, sem því er ætlað að vinna.

Út af ákvæðum 2. gr. skal tekið fram, að bæjarstjórn telur óhjákvæmi-legt, að allir séu skyldaðir til að taka sjó hjá sjóveitunni, vegna þess að hætt er við, að ýmsir útgerðarmenn, sem grafið hafa brunna við fiskaðgerðarhús sín, mundu ekki notfæra sér sjóveituna, og jafnvel fleiri, af ýmsum ástæðum.

Frumvarp þetta er fram komið vegna þess að vatnalögin, nr. 15 frá 20. júní 1923, III. kafli, munu ekki ná til sjóveitu, og eins af því, að i þau vantar þau ákvæði, sem sérstaklega þarf við hér. En lög þessi eru sniðin eftir III. kafla vatnalaganna, og virðast því ekki þurfa frekari skýringa við.